

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Líknarsjóð Harðar Þorgeirssonar og Unnar Guðmundsdóttur.

Hörður Þorgeirsson, kt. 150717-4699 og eiginkona hans Unnur Guðmundsdóttir, kt. 300721-2069, til heimilis að Stigahlíð 88, Reykjavík stofna hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Harðar Þorgeirssonar og Unnar Guðmundsdóttur.

### 2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 3. gr.

Stofnendur leggja fram stofnfé sjóðsins 7.000.000, skrifa sjö milljónir króna í peningum og skuldabréfum.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, gjafir og arfur.

### 5. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja hvers konar líknarstarfsemi á Íslandi eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Heimilt er að verja hvers konar tekjum sjóðsins í þessu skyni og hluta af höfuðstól hans, en stofnfé má ekki skerða nema skv. 8. gr.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu vera Unnur Guðmundsdóttir, Stigahlíð 88, Reykjavík, formaður, Hörður Þorgeirsson, Stigahlíð 88, Reykjavík, Guðmundur H. Sigmundsson, kt. 040735-3219 til heimilis að Ljárskógum 1, Reykjavík og Eyjólfur Guðni Sigurðsson, kt. 020442-4419, til heimilis að Austurbergi 8, Reykjavík.

Falli stjórnarmaður frá eða láti af störfum skulu þeir sem eftir eru í stjórninni tilnefna mann í hans stað. Skiptir stjórnin þá sjálf með sér verkum.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

Um bókhald sjóðsins og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum. Reikningsskilum skal lokið fyrir 15. mars ár hvert og skal ársreikningur endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning skal senda ríkisendurskoðanda og skulu niðurstöður hans birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

### 8. gr.

Ef unnið er að sérstöku stórverkefni á sviði líknarmála og sjóðsstjórn verður um það sammála má verja öllum eignum sjóðsins til þessa verkefnis og leggja sjóðinn þannig niður. Sömuleiðis má breyta skipulagsskrá þessari, ef sjóðsstjórn verður um það sammála.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Ennfremur skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra, ef beita skal ákvæði 8. gr.

Reykjavík, 30. júní 1996.  
Unnur Guðmundsdóttir  
Hörður Þorgeirsson  
Eyjólfur Sigurðsson  
Guðmundur Sigmundsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júlí 1996.*

F. h. r.  
**Ólafur W. Stefánsson.**

Jón Thors.

Nr. 418

## REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og  
frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1995.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1995.**

	Tekjur	
Vextir af bankainnstæðum .....	kr. 2.814,40	
		2.814,40
	Gjöld	
Tekjur umfram gjöld .....	kr. 2.814,40	
		2.814,40

**Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1995**

	Eignir	
Bankainnstæður .....	kr. 53.219,60	
		53.219,60
	Skuldir	
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>		
Hrein eign pr. 1. jan. 1995 .....	kr. 50.405,20	
Hreinar tekjur árið 1995 .....	kr. 2.814,40	
		kr. 53.219,60
		53.219,60

*Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 1996.*

F. h. r.  
**Halldór S. Kristjánsson.**